



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 24. APRÍL 2024 // 17. TBL. // 45. ÁRG.

Kjarnorkukafbátur sótti vistir til Keflavíkur



Kafbátar eru ekki algeng sjón uppi í landsteinum við Ísland. Kjarnorkukafbáturinn USS New Hampshire vakti athygli þegar áhöfn hans sótti þjónustu til Reykjanesbæjar í liðinni viku. Kafbáturinn sigldi frá Garðskaga og á ytri höfnina við Keflavík í fylgd varðskipsins Þórs. Á ytri höfninni var kafbáturinn svo þjónustaður af léttabátum en skipt var um hluta áhafnar og teknar vistir. Þetta er fjórða heimsókn kafbáts á undanförunum tólf mánuðum. USS New Hampshire er orrustukafbátur af Virginia-gerð og slíkir kafbátar bera ekki kjarnavopn. Kafbátar þessarar gerðar eru í verkefnum á norðurslóðum og með samningum um þjónustu við Íslandsstrendur er viðbragðstími bátanna stytur verulega. Landhelgisgæsla Íslands leiðir framkvæmd heimsóknarinnar í nánú samstarfi við embætti ríkislög-reglustjóra, Geislavarnir ríkisins og utanríkisráðuneytið í samræmi við settar verklagsreglur. Meðfylgjandi mynd var tekin á Stakksfirði og má sjá að kafbáturinn er engin smásmíði.

■ Ungmenn í Njarðvík fengu í gegn lokun Reykjanesvegjar en Silju Dögg sóknarnefndarformanni er ekki skemmt:

Líkbíllinn nær ekki þröngri vinstri beygju og þarf að fara krókaleiðir í kirkjugarðinn

Sóknarnefnd Njarðvíkurkirkju telur, í erindi til Reykjanesbæjar, lokun Reykjanesvegjar til suðurs ósættanlega og óskar eftir að umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar endurskoði þessa ákvörðun og sú breyting sem verður gerð sé unnin í samvinnu við sóknarnefnd.



Silja Dögg Gunnarsdóttir, formaður sóknarnefndar Njarðvíkurkirkju, segir í erindi til bæjaryfirvalda að lokun á Reykjanesvegi við kirkjuna skapi, að

Lokun götunnar í samræmi við óskir ungmenna sem þekkjá gönguleiðina er réttmæt ákvörðun en útfæra má lokunina betur.

Afgreiðsla ráðsins er að starfsmenn umhverfis- og framkvæmdasviðs leggi fram tillögur að mögulegum lausnum.

mati sóknarnefndar, aukna slyshættu og óhagræði á umferð þegar margir kirkjugestir reyni að taka vinstri beygju inn á Njarðarbraut, t.d. eftir útfarir. „Líkbíllinn nær ekki að taka þessa þröngu vinstri beygju og þarf því að fara miklar krókaleiðir til að komast áleiðis í kirkjugarðinn, sem er ósættanlegt,“ segir Silja Dögg í erindinu og óskar eftir því að yfirvöld endurskoði þessa ákvörðun.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 7. júlí 2023 voru kynntar tillögur ungmennaráðs um betri gönguleiðir undir liðnum Umferðaröryggi íbúa Reykjanesbæjar. Fallist var á framkomnar tillögur.



**GERÐIST AÐDÁANDI
BÍTLANNA ÁÐUR EN
ÞEIR URÐU FRÆGIR**

- sjá viðtal við Þórd í miðopnu



Lokunin sem sóknarnefndin er ósátt við. Þarna er notast við 1.260 kg. steina sem framleiddir eru á Ásbrú og verður vart haggáð. VF/Hilmar Bragi

Krafur eldgossins getur aukist verulega

Landrís í Svartsengi mælist á svipuðum hraða sem bendir til þess að kvikusöfnun haldi áfram. Líkanreikningar byggðir á GPS og gervitunglagögnum áætla að um 7 til 8 milljón m³ hafi bæst við í kvikuhólfid undir Svartsengi frá því að eldgosið hófst 16. mars. Í fyrri kvikuhlaupum hefur kvika hlaupið frá Svartsengi þegar á billinu 8 til 13 milljónir m³ hafa bæst við í kvikuhólfid frá síðasta kvikuhlaupi. Haldi kvikusöfnun áfram á svipuðum hraða aukast líkur á því að kraftur eldgossins á Sundhnúkgíggaröðinni aukist verulega.

nettó

24.-28. apríl



Vel mætt til að vernda Hljómahöllina

Vel var mætt á samstöðufundinn Verndum Hljómahöllina sem fór fram í Hljómahöll í síðustu viku. Á fundinum var verið að mótmæla ákvörðun bæjaryfirvalda að færa Bókasafn Reykjanesbæjar í Hljómahöll og þar með skerða starfsemi Rokksafns Íslands og tónlistarskólans. Í kringum 300 manns mættu og var fundurinn hinn liflegasti.

Baldur Þórir Guðmundsson, einn skipuleggjenda, fór í stuttu máli yfir mikilvægi safnsins fyrir sjálfsmynd Reykjanesbæjar. Jakob Frímann Magnússon, Páll Óskar Hjalmtýsson, Bragi Valdimar Skúlason og Ásgeir Elvar Garðarsson fluttu tölu til stuðnings safninu.



Jakob hvatti til að ákvörðunin um að loka safninu yrði endurskoðuð og varpaði fram þeirri hugmynd að gera samninga við rútufrirtækina sem ferja erlenda ferðamenn til og frá flugvælinum um að stoppa við í Rokksafninu. Páll Óskar stakk upp á því að byggja húsnæði undir bókasafn á lóðinni við Hljómahöll frekar en að reyna að troða því inn í húsnæði Hljómahallar og þar með skerða þá menningarstarfsemi sem þar væri til staðar.

Ásgeir Elvar lagði mikla áherslu á að Reykjanesbær yrði að halda sínum sérkennum og þar gegndi Rokksafnið lykilhlutverki. „Þetta lítur út eins og uppgjöf og með sama áframhaldi mun Reykjanesbær tapa sínum sérkennum

og breytast í ódyrt úthverfi,“ sagði Ásgeir Elvar.

Bragi Valdimar sagðist vera reiður og leiður fyrir hönd tónlistarmanna og tónlistarsögunnar og sér finnst vera vegið að vöggur Rokksafns með hugmyndum bæjaryfirvalda.

Allir sem til máls tóku sáu endalaus tækifæri í að byggja upp Rokksafnið á þeim grunni sem myndaður hefur verið og sækja fram eins og íslenskt tónlistarfólk hefur gert í gegnum tíðina. Ég lagði fram undirskriftarlista á Island.is undir heitinu Verndum Hljómahöll,“ sagði Baldur og bætti við í lokin: „Ég man ekki eftir mót-mælafundi íbúa í Reykjanesbæ í þrjátíu ára sögu sveitarfélagsins.“

Ítarlegri frétt má sjá á vf.is



Nýi leikskólinn í Asparlout verður tilbúinn fyrir jóla

■ Nýr leikskóli verður byggður í stað Garðasels. Gamli barnaskólinn verður lítill leikskóli. Nýr leikskóli fyrir 90 börn í Dalshverfi opnar síðla sumars

Reykjanesbær og Tindhagur undirrituðu síðasta föstudag samning um fullnaðarfrágang leikskólans Asparloutar í Hlíðarhverfi. Leikskólinn, sem verður sex deilda, mun þjóna 126 börnum frá átján mánaða aldri og starfsmenn verða þrjátíu og fimm.

Alls bárust fjögur tilboð í verkið. Eitt var dæmt ógilt en af hinum þremur reyndist verktakafyrirtækið Tindhagur með hagstæðasta tilboðið. Aætluð verklok eru 15. desember nk.

Vegna rakavandamála í leikskólanum Garðaseli hefur verið ákveðið að starfsemi hans með um 90 börn flytji í Asparlout um áramót og nýr leikskóli verði byggður á lóð Garðasels. Því munu 30 ný leikskólaláttast við með tilkomu Asparloutar.

„Okkur list mjög vel á nýja leikskólann Asparlout. Við erum búna að liggja yfir teikningum og erum mjög sáttar og hlökkum til að byrja í lok árs,“ sagði Ingibjörg Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Garðasels, sem skoðaði bygginguna við undirritun samnings við verktakann.



Frá undirritun samnings við Tindhaga sem munu klára nýja leikskólann Asparlout í Hlíðarhverfi í Reykjanesbæ. VF/pket

Auk þrjátíu nýrra leikskólaláttast í Asparlout opnar leikskólinn Drekaðalur í Dalshverfi III síðla sumars. Bæjarstjóri greindi frá því við undirritunina í Asparlout að samkomulag hefði tekist við verktaka vegna myglu sem kom upp í nýrri byggingu Drekaðals. Áform eru um að opna hann í lok sumars. Drekaðalur er 1.200 fermetrar að flatarmáli og er byggður úr timbureiningum frá Eistlandi. Við undirritun við verktakann fyrir um

ári síðan kom fram að byggingin væri fyrsta Svansvottaða einingahúsið á Ísland.

Þá verða til 20-25 leikskólaláttast í húsnæði gamla barnaskólans við Skólaveg 1 en mygla kom upp í þessu fyrsta steinsteypta húsi í Keflavík ekki alls fyrir löngu og hefur staðið autt í nokkurn tíma. Til stendur að taka húsið í gegn að innan og opna þar leikskóla síðla sumars.

Afmælishátíð á laugardag

■ Björgunarsveitin þrítug og slysavarnadeildin tvítug

Björgunarsveitin Suðurnes í Reykjanesbæ fagnar 30 ára afmæli og Slysavarnadeildin Dagbjörg 20 ára afmæli með afmælishátíð í björgunarstöðinni við Holtsgötu Njarðvík laugardaginn 27. apríl næstkomandi. Almennungi er boðið í heimsókn til björg-

unarsveitarinnar milli kl. 15 og 17 á afmælisdaginn.

Sýning á björgunartækjum verður haldin milli kl. 15 og 17 en frá kl. 16 verða hoppukastalar fyrir börnin, boðið upp á kandyfloss, börnin geta fengið að síga úr lyftu og grillaðar verða pylsur.

Allt hreint
Umhverfisvölluð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

Verkefni af stærðargráðu sem myndu ógna rekstrargrundvelli allra sveitarfélaga



Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur óskað eftir samtali við ríkisstjórn um stjórnunarfyrrkomulag við þær óvenjulegu og krefjandi aðstæður sem nú eru í Grindavík. Markmið samtals er að leita leiða til að tryggja að vinna við verkefnið á næstu mánuðum fari fram samkvæmt skýrri forgangsröð aðgerða sem byggist á skýrum, sameiginlegum markmiðum. Jafnframt þarf að tryggja fjármögnun verkefna til framtíðar. Ábyrgð á framkvæmd aðgerða þarf einnig að vera skýr, segir í bókun bæjarstjórnar sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar Grindavíkur í síðustu viku.

Þá segir í bókuninni: Það langvarandi óvissuástand sem náttúruhamfarirnar á Reykjaneskaga hafa valdið í Grindavík felur í sér flóknar áskoranir bæði fyrir bæjaryfirvöld í Grindavík og önnur stjórnvöld sem að verkefninu hafa komið. Grindavíkurbær hefur átt gagnleg samtöl við hlutaðeigandi ráðuneyti um leiðir til að skýra ábyrgð á stjórn aðgerða á hverjum

tíma og ábyrgð á einstökum verkefnum. Augljóst er að lög um almannavarnir eru ekki skýr grundvöllur allra ákvarðana þegar um er að ræða langvarandi tímabil náttúruhamfara.

Samstarf hefur í flestum meginatriðum gengið vel og bæjarstjórn lýsir þakklæti fyrir þann mikilvæga stuðning sem ríkisstjórnin hefur veitt sveitarfélaginu og íbúum

Grindavíkur. Aðgerðir við varnargarða, jarðkönnun og stofnlagnir sýna þessa hugsun í verki og það á einnig við um ákvörðun um að Þórkatla kaupi íbúðarhúsnæði í Grindavík. Mikilvægt er að Grindavíkingar fái fullvissu fyrir því að áfram verði haldið á sömu braut með það endanlega markmið að Grindavík byggist upp að nýju að loknum náttúruhamförum.

Þau verkefni sem þarf að vinna til að halda innviðum gangandi og tryggja öryggi í Grindavíkurbæ eru eðlisólík þeim verkefnum sem sveitarstjórnunum eru falin að lögum. Raunar má fullyrða að ábyrgð á verkefnum af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir myndu ógna rekstrargrundvelli allra sveitarfélaga. Það á einnig við um Grindavíkurbæ þrátt fyrir að bærinn væri skuldlaus og ætti nokkurn sjóð fyrir upphaf náttúruhamfaranna.

Að lokum skal tekið fram að vinna stendur yfir við að aðlaga rekstur bæjarins að gjörbreyttum aðstæðum, á grundvelli samkomulags við innviðaráðuneytið um fjármál og rekstur Grindavíkurbæjar, segir í bókun bæjarstjórnar Grindavíkur frá síðasta fundi.

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM
SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



STERK HREYFING, STERKT SAMFÉLAG!

Stéttarfélögin á Suðurnesjum óska félagsfólki og fjölskyldum þeirra til hamingju með baráttudag verkafólks þann 1. maí.

Á þessum degi fögnum við því sem áunnist hefur í réttindabaráttu verkafólks í gegnum tíðina og leggjum áherslur á nýjar og breyttar kröfur í þágu vinnandi stétta. Stéttarfélögin á Suðurnesjum bjóða félagsfólki og öðrum íbúum svæðisins á baráttufund í Stapa, Hljómahöll kl.14:00 til 16:00. Öll velkomin á meðan húsrúm leyfir.

Dagskrá:

Mummi Hermanns leikur ljúfa tóna. Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður VSFK, setur dagskrá. Ræðumaður dagsins er Hilmar Harðarson, formaður FIT. Bjartmar Guðlaugsson tekur nokkra klassíska slagara. Guðlaugur Ómar frá Leikfélagi Keflavíkur. Karlakór Keflavíkur slær botninn í dagskrána.

Að venju bjóða stéttarfélögin upp á ókeypis bíósýningu fyrir börnin kl. 13.00 í Sambíóinu við Hafnargötu.



„Nýtt hjúkrunarheimili mun ekki geta tekið við íbúum Hlévangs“

■ Hugmyndir uppi um að breyta Hlévangi í fjölnota þjónustuúrræði fyrir fötluð börn

Velferðarráð Reykjanesbæjar hefur samþykkt að setja af stað starfshóp sem á að greina og skoða möguleikana sem felast í að breyta Hlévangi í fjölnota þjónustuúrræði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra auk þess að kostnaðargreina þær breytingar sem gera þyrfti á húsnæðinu. Áætlað er að heimilisfólk á Hlévangi flytjist yfir á nýtt hjúkrunarheimili á Nesvöllum haustið 2025. Lagt var fram minnisblað frá sviðsstjóra velferðarsviðs og teymisstjóra barna- og fjölskylduteymis um fjölnota þjónustuúrræði fyrir fötluð börn og ungmenni ásamt tillögu um starfshóp til að greina tækifæri og áskoranir við slíkt úrræði á síðasta fundi velferðarráðs 11. apríl.

„Reykjanesbær er ört stækandi sveitarfélag og telur ráðið þetta mjög brýnt verkefni, því áhersla er lögð á að færa þar undir sama þak lögbundna frístundaþjónustu og tímabundna sólarhringsþjónustu fyrir fötluð börn með miklar umönnunarþarfir. Hlutdeild Reykjanesbæjar er um 70% af rekstri Heiðarholts sem er skammtíamavistun fyrir fötluð börn sem er rekin af Suðurnesjabæ og er starfsemin rekin fyrir öll sveitarfélögin á Suðurnesjum. Þörfin fyrir skammtíamadvöl er mun meiri en við náum að veita og eru biðlistar langir.

Að auki getur Hlévangur vegna stærðar sinnar einnig bætt verulega aðstöðuna fyrir aðrar lögbundnar þjónustur fyrir fötluð börn og ungmenni. Má þar nefna Skjólíð sem er frístundarárræði og Ævintýrasmíðjuna sem er sumarúrræði og hefur verið mjög eftirsótt síðustu ár fyrir þennan málaflokk. Hægt verður að efla og byggja upp fjölþætta og heilsteypa stuðningsþjónustu fyrir þennan málaflokk,“ segir í afgreiðslu ráðsins.

Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi Umbótar í Reykjanesbæ, lagði fram bókun um málið á síðasta fundi bæjarstjórnar:

„Ég er sammála velferðarráði og tek undir með að brýn þörf er fyrir fjölnota þjónustuúrræði fyrir fötluð börn og ungmenni. Það er mjög mikilvægt að fötluð börn njóti sambærilegra lífsgæða og aðrir þjóðfélagsþegnar.



Ný áttafjú rýma viðbygging við Hafnistu rís við Njarðarvelli. VF/Hilmar Bragi

Ég tek undir með velferðarráði að mikilvægt er að koma á starfshópi sem á að greina og skoða möguleika á hentugu húsnæði undir þetta brýna verkefni.

Velferðarráð leggur til að skoða þann möguleika að Hlévangur verði skoðaður með það að leiðarljósi að breyta húsnæði sem hentar fjölnota þjónustuúrræði fyrir fötluð börn ásamt því að kostnaðargreina þær breytingar.

Þegar ég las þetta þá rak ég upp stór augu þar sem að væntanlega verður Hlévangi ekki lokað á næstunni.

Nýtt hjúkrunarheimili mun ekki geta tekið við íbúum Hlévangs. Heilbrigðisráðherra er búinn að gefa út að Reykjanesbær fær 30 rými á nýja hjúkrunarheimilinu sem er í byggingu en ekki 60 eins og til stóð. Í ljósi þeirra eldsumbrota sem hafa átt sér stað í

Grindavík munu Grindvíkingar fá 30 rými.

Nú þegar eru 33 einstaklingar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja að bíða eftir að komast inn á hjúkrunarheimili og annar eins fjöldi á biðlista. Ég spyr því meirihlutann hvort að hann telji að það sé raunhæft að skoða Hlévang fyrir þetta brýna verkefni?“

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, sagði í umræðum á fundi bæjarstjórnar að nýju rýmin við Njarðarvelli í Reykjanesbæ verði samtals 80 í fjórum tuttugu rýma deildum. Að frádregnum þeim 30 rýmum sem tekin verða frá fyrir Grindvíkinga verði 50 rými eftir til ráðstöfunar fyrir aðra. Kjartan tók jafnframt fram að hjúkrunarrými væru ekki eyrnamerkt ákveðnum sveitarfélögum, heldur væru öll rými á landinu einn sameiginlegur pottur fyrir landsmenn.

LIBRARY bistro / bar

Ný viðbót við matseðilinn okkar!



**Ekta danskt smørrebrød
alla daga kl. 11:30 – 17:00**

Velkommen til Library bistro/bar

Library bistro / bar

Hafnargötu 57 - Reykjanesbæ

www.librarybistro.is - 421 5220

Grindvísk veitingahús geta tekið á móti hópum í rútum

Lögreglan á Suðurnesjum hefur gefið út reglur um heimsóknir til veitingamanna í Grindavík. Reglurnar heimila að gestir geti komið í skipulögðum ferðum til Grindavíkur í hópferðabifreiðum enda eigi þeir pantað borð á veitingastað í bænum. Eftir sem áður er umferð ferðamanna á einkabílum, hjólandi og gangandi óheimil.

Með þessum reglum má gera ráð fyrir að einstakir veitingastaðir í Grindavík geti fundið rekstrargrund-

völl, þó takmarkaður sé, til að opna og auka þannig framboð þjónustu í bænum. Grindvíkingar og aðrir sem eiga erindi í bæinn geta þannig einnig notfært sér þjónustu þeirra.

Allar reglur sem almennt varða rekstur veitingastaða gilda eftir sem áður og þurfa viðkomandi að ganga úr skugga um að allt slíkt sé til staðar. Það snýr m.a. að heilbrigðiseftirliti og vinnuvernd.

Austursvæði, Háaleitishlað á Keflavíkurflugvelli

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti á fundi sínum 8. apríl 2024, að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Keflavíkurflugvallar á Austursvæði, Háaleitishlaði í samræmi við 43. gr. skipulagslaga.

Meginbreyting skipulagsins felst í að afmarka nýja 400 fermetra lóð við Pétursvöll fyrir fjarskiptastarfsemi á ónotuðu opnu svæði innan afmörkunar deiliskipulagssvæðisins. Til stendur að rífa það húsnæði þar sem núverandi starfsemi er, við Háaleitishlað 22. Heimilt er að byggja allt að 30 fermetra tækjahús og reisa allt að 30 metra hátt fjarskiptamastur innan nýju lóðarinnar. Nánari upplýsingar um tillöguna er hægt að sjá í kynningargögnum.

Tillagan er aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, sem og á vef Isavia, frá 24. apríl 2024 til og með 5. júní 2024.

www.skipulagsgatt.is

www.isavia.is/skipulag-i-kynningu

Pau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvött til að kynna sér tillöguna og koma með sínar athugasemdir eigi síðar en 5. júní 2024 í gegnum Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.



Skálareykjavegur 10 og 12 í Garði. VF/Hilmar Bragi

Hafna svefnaðstöðu fyrir starfsfólk ofan á núverandi húsnæði

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar hefur hafnað erindi um viðbyggingu með svefnaðstöðu á 2. hæð að Skálareykjavegi 12 í Garði.

Fyrirspurn var lögð fram um hvort heimilað yrði að byggja nýja hæð með svefnaðstöðu fyrir starfsfólk ofan á núverandi húsnæði. Á Skálareykjavegi 12 er rekin fiskvinnsla og einnig í sambyggðri byggingu, Skálareykjavegi 10.

Framkvæmda- og skipulagsráð segir að mannvirkin séu í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar á svæði

sem skilgreint er sem athafnasvæði (AT-2). Í almenna kaflannum í greinargerð aðalskipulagsins kemur m.a. fram að „telji ráðið að fyrirhuguð starfsemi fari ekki saman við starfsemi sem fyrir er eða nærliggjandi íbúðarbyggð, getur hún hafnað umsókninni eða bent á aðra lóð“.

Ráðið telur að nýting fyrirhugaðrar stækkunar til gistingar, fari ekki saman við þá starfsemi sem fyrir er á lóðinni og erindinu hafnað.



Þrívíddarsónar í heimabyggð

Barnshafandi konum á Suðurnesjum gefst nú í fyrsta sinn tækifæri til að fara í þrívíddarsónar í heimabyggð. Margrét Knútsdóttir, ljósmóðir, hefur látið draum sinn um kaup á sönartæki rætast.

„Ég hef endalausan áhuga á öllu sem viðkemur meðgöngu og fæðingu. Ásamt því að sinna ljósmóðurstarfinu til fjölda ára hef ég meðal annars kennt meðgöngujóga í að verða 15 ár og brenn fyrir því að gera meðgöngu kvenna sem ánægjulegasta. Mig hefur því í mörg ár dreymt um að eignast þrívíddarsónar og að geta veitt þessa þjónustu á Suðurnesjum“, segir Margrét ánægð en einnig verður hægt að koma til hennar í svokallaðan kynjasónar eftir 16. viku meðgöngu.

Kíkja á krílið

Meðganga er oft spennandi tími í lífi verðandi foreldra og í sönarskoðun gefst möguleiki á að að kíkja á krílið og tengjast því enn frekar. „Í þrívíddarsónar, sem konur koma í á um sjöunda eða áttunda mánuði meðgöngu, er hægt að sjá krílið hreyfa sig og ef til vill vinka, teygja úr sér eða opna augun. Eitthvað sem getur verið einstök upplifun. Þá get ég einnig útbúið stutt myndband í skoðuninni sem foreldrar fá sent ásamt nokkrum myndum,“ segir Margrét en ítrekar að svona skoðun er ein-

ungis til gamans gerð og ekki um fósturgreiningu að ræða.

Notaleg upplifun

Fyrirtæki Margrétar nefnist Lífsins tré og er með aðsetur að Aðalgötu 60, í sama húsnæði og heilsugæslan Höfða. Hægt er að velja á milli kynjasónar/tvívídarsónar frá viku sextán og þrívíddarsónar frá viku 26 til 32 á meðgöngu. Skoðunin fer fram í hlýlegu og notalegu umhverfi og mikið lagt upp úr því að gera upplifunina sem besta.

Margrét ætlar fyrst um sinn að bjóða upp á tíma síðdegis á virkum dögum en hægt er fá nánari upplýsingar og panta tíma í gegnum vefsíðuna hennar www.lifsinstre.is

Margrét Knútsdóttir, ljósmóðir, hefur látið draum sinn um kaup á sönartæki rætast og opnað aðsetur að Aðalgötu 60 í Reykjanesbæ. Þar er hún í sama húsnæði og Heilsugæslan Höfða.

SÖLUSTJÓRI FAGAÐILA Á SUÐURNESJUM

Við hjá BYKO erum að leita að öflugum einstaklingi til að sinna starfi sölustjóra fagaðila í Verslun BYKO á Suðurnesjum. Ef þú ert framsækinn og faglegur einstaklingur með gleðina í fyrirrúmi þá erum við að leita að þér.

VIÐ LEITUM AÐ EINSTAKLINGI MEÐ:

- Þekkingu á byggingaefni
- Menntun sem nýtist í starfi - iðnmenntun kostur
- Góða tölvukunnáttu - þekking á AX og CRM kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Brennandi áhugi á verslun, þjónustu og sölustörfum
- Samviskusemi, skipulögð og öguð vinnubrögð
- Íslensku- og enskukunnáttu - skilyrði

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina, tilboðsgerð, eftirfylgni og afgreiðsla
- Afgreiðsla, tilboðsgerð, sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Samskipti við vöruflokkastjóra, verktaka o.s.frv. í samráði við verslunarstjóra
- Þátttaka í söluátökum og söluferðum/ heimsóknum á starfssvæði
- Önnur tilfallandi störf

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um.

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum og á öllum aldri til að sækja um. BYKO hefur sett sér þá framtíðarsýn að skapa bestu heildarupplifun viðskiptavina í framkvæmdum og fegrun heimilisins. Í þeirri vinnu höfum við gildin okkar að leiðarljósi; fagmennska, framsækni og gleði. Allar nánari upplýsingar veitir **Gunnur Magnúsdóttir**, verslunarstjóri (gunnur@byko.is).

SÓTT ER UM Á BYKO.IS
EÐA ALFRED.IS

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL
29. APRÍL

Great
Place
To
Work®

Vottun

FEB 2024 - FEB 2025

ÍSLAND

ÍSLENSKA
ÁNÆGJU YOGIN

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



V A G A R B L G U F T R A V S
 E O S R A M L I H R U Ð Ó R T
 L V R A S Ý D L I M A K A R Á
 K V E I Ð A R A P Ú S M A G Ð
 O R G Ð Y P Æ S T É U L B Ð Í
 M É T Ú U S L E K S A T G A T
 I N D M Ó R R A T T Á H S L Á
 N A R I N G E G S Ó Ð T Á S H
 S E N G Ú T E A Ó P Æ M K J S
 R A G N U L K M A T A G M L I
 U A G Á I U T A S G Ý G Ð O L
 M Ð G Ð P A S N A Ý G A T P Æ
 R A E P S R O M T R U K Ð A M
 O L O T F B G Á Ó R L Æ M A F
 G H É Ð I K O L T L A R T S A

GLEÐILEGT
 SUMAR
 VOR
 VEÐUR
 AFMÆLISHÁTÍÐ
 VELKOMIN
 LUNGA
 HOPPUKASTALAR
 MÆÐKUR
 RÓÐUR

GAMANMÁL
 SVARTFUGL
 VEIÐAR
 MAGAMÁL
 LOKIÐ
 GEGNIR
 AÐA
 HÁTTAR
 SKEL
 HLAÐA

Gangi þér vel!



Svona yrði ný á mynd Hafnargötu 12, samkvæmt uppdrætti JeES arkitekta.

Blue vill breyta Hafnargötu 12

Lóðarhafi Hafnargötu 12, BLUE Fjárfestingar ehf., hefur óskað eftir að breyta núgildandi deiliskipulagi á Hafnargötu 12 í Reykjanesbæ. Breytingin felst í nýrri á mynd íbúðarhúsanna, með meira uppbroti, áherslu á útsýni til sjávar, stækkun garðrýmis og fjölgun íbúða, auk þess

að stækka almenningssvæði og þjónustuhluta með sólríkum inngarði til suðvesturs í beinum tengslum við núverandi torg að Hafnargötu. Með umsókninni fylgja kynningaruppdrættir JeES arkitekta.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar veitir heimild til

að vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við framlögð drög í samráði við skipulagsfulltrúa. Ráðið segir að deiliskipulagstillagan innihaldi sólarlagsákvæði til samræmis við Vallargötu 7-11.



SUÐURNESJA magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir Smurþjónusta Varahlutir

BÍLAR & PARTAR



Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á



HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Lítill sem engin rækja hefur mælst við Eldey á þessari öld

Já, aldrei þessu vant þá er sumarið árið 2024 að renna í gang. Eða svona næstum því. Kannski kærkomið að fá gott sumar þetta árið þó svo að veturinn hafi nú ekki verið það erfiður, í það minnsta var mun meiri snjór árið 2023 en er núna þetta árið.

Þó svo að veturinn hafi ekki verið það þungur og erfiður hjá okkur þá minnir móðir náttúra ennþá á sig og núna er eldgos sem enginn sér endann á búið að malla við Grindavík.

Bærinn allur í sprungum en smávegis líf er búið að vera í höfninni í Grindavík og helst eru það bátarnir frá Einhamri sem hafa verið að landa þar. Þeir eru reyndar orðnir kvótalitlir og verður því væntanlega röleg sjósókn hjá Einhamarsbátunum núna í sumar. Af Einhamarsbátunum er Gísli Súrsson GK með 46 tonn í fjórum róðrum, Vésteinn GK 42 tonn í fjórum og Auður Vésteins SU 36 tonn, líka í fjórum róðrum og öllu landað í Grindavík.

Óli á Stað GK, sem að Stakkavík ehf. gerir út, lenti í bilun seint í mars og var dreginn til hafnar í Njarðvík þar sem um 9 tonnum af fiski var landað úr bátunum, síðan fór báturinn í slipp í Njarðvík og er ennþá þar þegar þessi pistill er skrifaður.

Í Njarðvíkurhöfn liggur nýjasti bátur Stakkavíkur, Margrét GK, en ráðgert er að hann muni fara til veiða á nýju fiskveiðiári, sem sé í september núna árið 2024.

Dragnótabátarnir hafa veitt nokkuð vel og eru allir þrír Nesfisksbátarnir komnir með yfir 100 tonna afla. Siggí Bjarna GK 115 tonn í átta róðrum og mest 18 tonn í róðri, Sigurfari GK 109 tonn í átta og mest 19,4 tonn í róðri og Benni Sæm GK 101 tonn í átta róðrum og mest 17,8 tonn í róðri. Aðrir dragnótabátar eru



Aðalbjörg RE með 40 tonn í sex róðrum og Maggý VE með 35 tonn í fjórum róðrum.

Pálína Þórunn er loksins komin á veiðar en báturinn var búinn að vera í slipp síðan í janúar á þessu ári. Báturinn hefur landað um 139 tonn í tveimur róðrum, fyrst í Þorlákshöfn og síðan 69 tonnum í Sandgerði. Reyndar var Pálína Þórunn GK að sigla frá Hafnarfirði þegar þessi pistill var skrifaður, líklega hefur báturinn landað þar en aflatölur um þá löndun voru ekki komnar þegar ég skrifaði þetta. Samt frekar skrítið að sigla framhjá sinni heimahöfn til þess að landa í Hafnarfirði en heimahöfn bátsins er í Sandgerði.

Sóley Sigurjóns GK er á Siglufirði á rækjuveiðum og komin með 125 tonn í þremur róðrum, mest 52 tonn í róðri. Af þessum afla eru 55 tonn af rækju sem öll er unnin í Meleyri á Hvamms-tanga.

Rækjuverksmiðjan á Hvamms-tanga er ein af þremur rækjuverksmiðjum í landinu sem ennþá eru starfandi. Hinar eru á Siglufirði og Ísafirði. Verksmiðjurnar voru fjórar en verksmiðjunni á Hólmavík var lokað árið 2022.

Á Suðurnesjum er saga rækjuvinnslu nokkuð löng en segja má að Sandgerði hafi verið fyrsti

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@alafrettir.is



bærinn á Suðurnesjum til að hafa rækjuvinnslu en það var líka smá rækjuvinnsla í Garðinum. Lengst af voru Saltver ehf. í Njarðvík og Rækjuvinnsla Óskars Árnasonar í Sandgerði stærstu rækjuverksmiðjurnar á Suðurnesjunum. Báðar þessar vinnslur skiptu aflanum sem kom frá veiðum við Eldey nokkuð jafnt á milli sín.

Eldeyjarrækjuveiðin var stoppuð af árið 1997 en árin þar á undan var mokveiði á Eldeyjarrækjunni, sérstaklega árið 1996 þegar til dæmis Sigurður Friðriksson, eða Diddi Frissa, mokveiddi rækju á Guðfinni KE og náði að veiða um 290 tonn af rækju sumarið 1996, sem er vægast sagt ótrúlega mikill afli. Mokið hjá Guðfinni KE var oft það mikið að báturinn kom til hafnar í Sandgerði með lestina fulla af rækju, móttakan full, þvotakar og poki á dekkinu líka með rækju. Mest komu tæp 11 tonn af rækju í einni löndun úr Guðfinni KE.

Núna á þessari öld hefur lítill sem engin rækja mælst við Eldey.




GLEÐILEGT SUMAR

Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu óskir um gleðilegt sumar!



VERNE



KAUPFÉLAG SUÐURNESJA



Gerðist aðdáiandi Bítlanna áður en þeir urðu frægir

■ Þórður B. Þórðarson fór á marga tónleika með Bítlunum í Þýskalandi á upphafsárum þeirra. Starfaði í nærri fjóra áratugi í Slökkviliði Varnarliðsins á Keflavíkflugvelli og tók m.a. þátt í slökkvistarfi í eldgosinu í Vestmannaeyjum.

Þórður B. Þórðarson bjó lengstan hluta ævi sinnar í Njarðvík en hann er nýlega fluttur í Hafnarfjörð til að vera nær börnum og barnabörnum sínum. Eftir að hafa starfað sem sjómaður ákvað hann að fara í land og vann eftir það hjá slökkviliði Varnarliðsins á Keflavíkflugvelli. Í sjómennskunni var hann lengstum á fraktskipum og um tíma vann hann á Tröllafossi sem sigldi m.a. til Hamborgar í Þýskalandi. Á þeim siglingum kom hann auga á hljómsveit sem átti heldur betur eftir að láta að sér kveða en hvort hún hét Beatals eða Silver Beatles þá man Þórður ekki alveg. Þar sem Þórður var meira að spá í skvísunum en hve margir voru í þessari nýju uppáhaldshljómsveit sinni veit hann ekki hvort hann sá þá bæði sem fimm manna hljómsveit á meðan Stuart Sutcliffe plokkaði ennþá bassann og sem fjögurra manna hljómsveit eftir að Stuart hætti og Paul McCartney tók við bassaleiknum!

Þórður ólst upp í Reykjavík en flutti svo til Njarðvíkur árið 1975 og við spyrjum hann að því hvernig það kom til.

„Fyrstu árin bjó ég í vesturbænum en náði aldrei að verða KR-ingur, við fluttum svo í Lauganesið þegar ég var fimm ára gamall og eftir það gerðist ég Framari og hef verið allar götur síðan, þó svo að félagið sé búið að flytja sig upp í Úlfarsárdal. Um fermingaraldur fór ég á sjóinn, byrjaði á togara og við vorum mikið að fiska hinum megin við Grænland og sigldum stundum með aflann til Grimsby m.a. en lönduðum annars í Reykjavík. Árið 1959 réði ég mig svo á Tröllafoss sem háseta og var alla mína sjómennsku eftir það hjá Eimskipafélagi Íslands. Þetta var eitt stærsta skipið á Íslandi á þeim tíma, við bárum sex þúsund tonn sem telst nú ekki mikið í dag. Tröllafoss sigldi til margra landa, m.a. til Hamborgar en ég kem að því síðar. Árið 1961 fór ég svo í Stýrimannaskólann og kláraði farmanninn. Ég var á sjónum til ársins 1972 þegar ég réði mig hjá slökkviliðinu uppi á velli, ég vildi geta verið meira með börnunum mínum, sjá þau vaxa úr grasi og ákvað því að segja skilið við sjómennskuna. Við bjuggum áfram í Reykjavík en ákváðum svo að flytja til Njarðvíkur árið 1975.“

Barðist við eldgosíð í Vestmannaeyjum

Þórður var ekki búinn að vera lengi í starfi hjá slökkviliði bandaríska sjóhersins þegar hann svaraði kalli. „Á hverjum morgni var nafnakall og í febrúar árið 1973 vorum við spurðir hvort við vildum fara

til Vestmannaeyja og hjálpa til varðandi eldgosíð, m.a. við að sprauta sjó á hraunið. Ég rétti upp höndina og tveimur tímum síðar var ég farinn upp í Herculesflugvél ásamt 40 bandarískum hermönnum og dvaldi í tvær vikur. Áður en við tókum á loft í Keflavík var vodkaflaskan látin ganga á milli manna, þetta var síður hjá Könunum og við héldum í þetta ævintýri í Vestmannaeyjum. Þetta var mjög sérstakt, við héldum til á Skansinum við höfnina, rétt hjá þar sem eldgosíð kraumaði. Við dældum sjó á 1.000 gallona bíl og sprautuðum á hraunið og kældum, það er talið að þessi aðgerð hafi bjargað höfninni í Vestmannaeyjum. Yfirslökkviliðsstjórnin uppi á velli hét Sveinn Eiríksson, jafnan kallaður Sveinn Patton eftir hinum fræga bandaríska hershöfðingja, Georg S. Patton. Hann var mjög vel tengdur og gat fengið margar stórar dælar frá Bandaríkjunum og þá fyrst gátum við kælt hraunið niður, eins og ég segi þá er mjög líklegt að þetta hafi bjargað höfninni og þá hugsanlega byggð í Vestmannaeyjum því ég er ekki viss um hvernig hefði verið að búa þar ef hvorki var hægt að koma með fisk til hafnar né farþega í Herjólfí. Ég er stoltur yfir að hafa tekið þátt í þessum björgunarleiðangri.

Ég minnst þessara 37 ára hjá slökkviliðinu með bros á vör, það var alltaf gaman í vinnunni, ég fékk að læra það sem ég vildi og það var alltaf nóg að gera. Slökkviliðið á Keflavíkflugvelli fékk margar viðurkenningar fyrir eldvarnir, við unnum margar keppnir milli slökkviliða Bandaríkjahers. Það var bandaríska flugherinn sem rak herstöðina í Keflavík fyrst en svo



Þórður með æskuhetjum sínum, Bítlunum á vaxmyndasafninu í London.

”

Það var talsverð sena lifandi tónlistar í Hamborg á þessum árum en hinar hljómsveitirnar sem allar voru þýskar komust ekki með tærnar þar sem þessi hljómsveit var með hælana. Við stoppuðum alltaf í nokkra daga og fljótlega sá ég þá spila og varð strax mjög hrifinn ...

tók sjóherinn við, við vorum í raun eins og flugmóðurskip úti á miðju Atlantshafi, það hentaði mjög vel að vera með herstöð í Keflavík. Við vorum mjög oft kallaðir í verkefni utan flugvallarins, ef það kom upp bruni í Njarðvík, Keflavík eða annars staðar á Suðurnesjum, jafnvel víðar, vorum við kallaðir til. Þannig fengum við auðvitað góða æfingu í leiðinni og þá, eins og núna, sinntum við líka sjúkraflutningum, fórum á sjúkraflutninganámsskeið hjá hernum. Undir það síðasta minnkaði starfsemi varnarliðsins og stöðinni var endanlega lokað árið 2006, tveimur árum áður en ég komst á eftirlaunaaldur en ég hætti árið 2008 og hef notið lífsins síðan þá. Ég hef lengi haft áhuga á fjallaferðum og fylgist vel með íþróttunum, er Framari í fótboltnum en held að sjálfsgöðu með Njarðvík í körfunni. Ég fór oft á leiki hér áður fyrr og held ég fái mér nú áskrift af Stöð 2 Sport fyrst úrslitakeppnin er hafin í körfunni,“ segir Þórður.

Sveitaball með Bítlunum í Hamborg

Blaðamaður er mikill aðdáiandi Bítlanna. Honum fannst sérstakt að hitta mann um daginn sem hafði þá sögu að segja að pabbi sinn hefði verið í siglingum. Eftir að hafa landað í Bremerhaven í Þýskalandi vildu hann og félagar hans frekar kíkja út á lífið í Hamborg. Þeir báðu leigubílsstjórnann



Það var líf og fjör á bítlatónleikum í Þýskalandi.

að láta sig úr við fyrsta bar í Hamborg og þangað komu þeir og fjórir náungar voru að spila á sviðinu. Það var fátt, Íslendingarnir tóku að færa hljómsveitarmeðlimum bjór og fengu að fara með þeim í eftirpartý. Nokkru síðar áttuðu þeir sig á að þeir hefðu verið í eftirpartýi með sjálfum Bítlunum. Blaðamann langaði nánast til að fá að snerta þennan son manns sem hafði upplifað þetta! Þórður náði nú ekki að fara í eftirpartý með Bítlunum en hann gerðist aðdáiandi þeirra.

„Það var talsverð sena lifandi tónlistar í Hamborg á þessum árum en hinar hljómsveitirnar sem allar voru þýskar komust ekki með tærnar þar sem þessi hljómsveit var með hælana. Við stoppuðum alltaf í nokkra daga og þá kíkti ungur maðurinn að sjálfsgöðu út á lífið og fljótlega sá ég þá spila og varð strax mjög hrifinn. Þeir voru að spila svokallaða beat-tónlist, gömlu rokkslagarana og voru einfaldlega miklu ferskari og skemmtilegri en allar aðrar hljómsveitir sem maður sá þarna á þessum tíma. Þeir voru oftast í Kaiserkeller og ég er nokkuð viss um að þeir hafi verið fimm þá en annars var ég meira að skoða dömunar en telja hve margir voru í hljómsveitinni. Hver veit? Kannski náði ég að sjá þá eftir að þeir breyttu sér úr fimm manna hljómsveit yfir í fjögurra manna, eftir að Paul McCartney fór yfir á bassann en ég sá þá þegar Stuart Sutcliffe plokkaði bassann. Það var síðan ekki fyrr en 1964,

þegar ég var orðinn stýrimaður á Tungufossi, sem ég fattaði hvaða hljómsveit ég hafði séð þessum árum fyrr, þá var lagið She loves you kynnt í útvarpinu og sagt að Bítlarnir hefðu lengi verið að spila í Hamborg. Ég trúði varla mínum eigin eyrum og upp frá þessu gerðist ég mikill aðdáiandi þessarar að mínu mati, merkustu hljómsveitar allra tíma. Ég held að aldrei eigi önnur eins hljómsveit eftir að koma fram á sjónarsviðið og er auðvitað einkar ánægður með hafa gerst aðdáiandi Bítlanna áður en þeir urðu Bítlarnir. Ég man nú ekki nafnið á þeim þegar þeir voru að spila, það hefur annað hvort verið Beatals eða að þeir voru búnir að breyta því yfir í Silver Beatles. Þegar ég les mér til um sögu þeirra virðast þeir hafa breytt nafninu yfir í The Beatles seint á árinu 1960 en þá var ég löngu byrjaður að fylgja þeim, kannski sá ég þá undir þremur nafngiftum, Beatals, Silver Beatles og The Beatles. Sagan væri toppuð ef ég sá þá bæði sem fimm manna og fjögurra manna hljómsveit, kannski gerðist það en ég ætla ekkert að fara ljúga til að gera þessa sögu betri, hún er alveg nógu góð eins og hún er. Eitt get ég þó staðfest, ég sá Ringo Starr ekki spila með þeim, hann var ekki ráðinn fyrr en 1962 þegar þeir tóku upp fyrstu plötuna sína. Ég heyrði hana eitthvað í útvarpinu en áttaði mig ekki þá á að ég hafði séð þá spila í Hamborg. Ég man að ég kunni strax að meta tón-



Árið 1959 fékk Þórður starf á Tröllafoss sem sigldi til margra landa.





Með félögum sínum í Slökkviliði Varnarliðsins.

”

Áður en við tókum á loft í Keflavík var vodkaflaskan látin ganga á milli manna, þetta var síður hjá Könnunum og við höldum í þetta ævintýri í Vestmannaeyjum. Þetta var mjög sérstakt, við höldum til á Skansinum við höfnina, rétt hjá þar sem eldgosið kraumaði. Við dældum sjó á 1.000 gallona bil og sprautuðum á hraunið og kældum, það er talið að þessi aðgerð hafi bjargað höfninni í Vestmannaeyjum ...



listina en eftir að ég áttaði mig við kynninguna á She loves you fór aðdáun mín upp úr þakinu! Ég veit ekki hversu oft ég sá þá spila en á

þessum árum sem ég var á skipinu, við sigldum örugglega fimmtán til tuttugu sinnum til Hamborgar og stoppuðum alltaf nokkur kvöld.



Ég held ég sé ekki að ljúga miklu ef ég segist hafa séð þá 30 til 40 sinnum,” sagði Þórður að lokum.

Heiðursgestur á Þjóðhátíð

Blaðamaður er hluti af hinni svokölluðu Bítlasyrpu en uppruni hennar er frá hvítu tjaldi á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Bítlasyrpan fer þannig fram að Bítlaaðáendur koma saman og syngja Bítlalög eins og enginn sé morgundagurinn. Það er Eyjapeyinn Leifur Geir Hafsteinsson sem heldur Bítlasyrpuna og þegar blaðamaður sagði Leifi frá því að bæði hefði Þórður gerst aðdáandi Bítlanna í Hamborg og að hann hefði átt þátt í að bjarga höfninni í Vestmannaeyjum, spurði svo hvort Þórður fengi að mæta í næstu syrpu, stóð ekki á svari Eyjapeyjans; „hann verður heiðursgestur!“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Þórður er fluttur á höfuðborgarsvæðið til að vera nærri börnum og barnabörnum en bjó í áratugi í Njarðvík.



Íslandshús í þætti vikunnar

SUÐURNESJA
magasín



Alla leið á öruggari dekkjum

Bókaðu tíma í dekkjaskipti í N1 appinu



Skannaðu kóðann og náðu í N1 appið



Cooper Zeon 4XS Sport

- Henta undir jeppann þinn
- Mjúk og hljóðlát í akstri
- Veita afburða aksturseiginleika og gott grip á þurrum og blautum vegi



Cooper Zeon CS8

- Afburða veggrip og stutt hemlunarvegalengd
- Einstaklega orkusparandi
- Hljóðlát með góða vatnslosun



Cooper AT3 4s

- Frábær allhliða heilsársdekk sem virka vel á vegum og vegleysum
- Hljóðlát og mjúk í akstri

Hjólbarðapjónusta N1

Bíldshöfða	440 1318	Langatanga Mosfellsbæ	440 1378
Fellsmúla	440 1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440 1374
Réttarhálsi	440 1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440 1372
Ægisíðu	440 1320	Dalbraut Akranesi	440 1394
Klettagróðum	440 1365	Réttarhvammi Akureyri	440 1433





GLEÐILEGT SUMAR

Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu óskir um gleðilegt sumar!



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



SUÐURNESJABÆR



BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Njarðarbraut 15 | 260 Reykjanesbæ | Sími 421 2999 | Farsími 896 1717



Löggiltur pípulagningaverktaki



Hjálpsamur og vill geta flogið

Ungmenni vikunnar
Nafn: Patrekur Atlason
Aldur: 15 ára
Bekkur og skóli: 10. bekkur í Njarðvíkurskóla
Áhugamál: Körfubolti



Patrekur Atlason er fimmtán ára körfuboltamaður í Njarðvík.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Enska.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðeyju og hvers vegna? Körfubolta, símann minn og veidistöng.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?

Hver er þinn helsti kostur? Hugmyndaríkur.

Patrick Joe verður örugglega atvinnumaður í körfubolta af því að hann er rosalega góður.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Að geta flogið.

Skemmtilegasta saga úr skólanum: Ég fór í vorferð með minum árgangi í fyrra það var mjög skemmtilegt.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Húmor.

Hver er fyndnastur í skólanum? Jökull.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla? Ég fer í FS á næsta ári og ég mun halda áfram að spila körfubolta með Njarðvík.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Like that með Future, Metro boomin og Kendrick Lamar.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)? Ég spila körfubolta með Njarðvík.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Naut og Bearnaise.

Hver er uppáhaldsbiómyndin þín? That's my boy.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Hjálpsamur.

FS-ingur vikunnar fann ástina í FS



FS-ingur vikunnar
Nafn: Heba Lind Guðmundsóttir
Aldur: 17
Námsbraut: Félagsvísindabraut
Áhugamál: Fótbolti og ferðalög

Heba Lind Guðmundsóttir er á átjándra ári og kemur frá Garðinum. Heba Lind er á félagsvísindabraut í FS og hefur mikinn áhuga á að fylgjast með Víðir í Garði spila fótbolta og pæla í pólitík. Framtíðarplön Hebu er að klára að mennta sig, finna góða vinnu og eignast fjölskyldu.

Á hvaða braut ertu? Félagsvísindabraut.

Hvert er uppáhaldslagið þitt? Sumarið er tíminn með Bubba er alltaf gott.

Hver er helsti kosturinn við FS? Félagslífið.

Hver er þinn helsti kostur? Fólk getur treyst mér.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Hafþór Ernir tekur forystu í Sjálfstæðisflokknum.

Hver er þinn helsti galli? Ég get verið mjög feimin.

Skemmtileg saga úr FS? Sagan hvernig besti vinur minn kynnti mig fyrir kæró er skemmtileg og svölitið löng.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? Tiktak, Insta og Snap.

Hver er fyndnastur (fyndust) í skólanum? Jökull Þór er einn sá fyndasti sem ég hef kynnst.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Þegar að það er fyrndið og næs.

Hver eru helstu áhugamálin þín? Horfa á fótbolta (aðallega Víðir), ferðast og svo finnst mér yfirleitt gaman að pæla í pólitík.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Klára að mennta mig, finna mér góða vinnu, eignast fjölskyldu and rest is history.

Hvað hræðistu mest? Fugla og mýs.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Heiðarleg.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd allt of margir

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og bæjarfulltrúi Umbótar í bæjarstjórn Reykjaneshafnar lögðu fram bókanir við fundargerð velferðarráðs á síðasta fundi bæjarstjórnar, þar sem velferðarráð tók fyrir endurnýjun á samningi um samræmda móttöku flóttafólks.

Í velferðarráði voru lögð fram uppfærð drög að þjónustusamningi milli félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Vinnuálastofnunar og Reykjaneshafnar um samræmda móttöku flóttafólks. Velferðarráð samþykkti á fundinum uppfærð samningsdrög. Einnig samþykkti velferðarráð að alþjóðateymi og ráðgjafar- og virkniteymi velferðarsviðs Reykjaneshafnar verði sameinuð.

Margrét A. Sanders, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, lagði fram eftirfarandi bókun vegna fjórða máls fundargerðarinnar frá 11. apríl:

„Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir ekki samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku 250 flóttamanna. Ástæðan er eftirfarandi:

1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2024 og það fjármagn sem greiða á stendur ekki undir þeim kostnaði sem fallið hefur á Reykjaneshafnar.

2. Síðasti samningur gerði ráð fyrir að flóttamönnum í samræmdri móttöku myndi vera fækkað í 150 fyrir árslok 2023. Það gekk ekki eftir.

3. Enn eru umsækjendur um alþjóðlega vernd allt of margir í Reykjaneshafnar og hefur illa tekist að fækka þeim.

Auk þessara 250 sem nú skal samið um, voru þann 31. desember

2023 1.119 hælisleitendur (umsækjendur um alþjóðlega vernd) að auki í Reykjaneshafnar.

Sjálfstæðisflokkurinn harnar að álagið vegna flóttafólks valdi því að þjónusta sveitarfélagsins við bæjarbúa, þar með þau 33% íbúa sem eru af erlendu bergi brotin, sé ekki betri en raun ber vitni. Sveitarfélagið er komið langt yfir þolmörk. Hælisleitendum í Reykjaneshafnar verður að fækka.

Margrét Sanders, Guðbergur Reynisson og Helga Jóhanna Oddsdóttir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins.“

„Löngu komin langt yfir þolmörk“

Margrét Þórarinsdóttir bókaði einnig við 4. mál úr fundargerð velferðarráðs frá 11. apríl:

„Enn og aftur ætlar meirihluti Framsóknar, Samfylkingar og Beininnar leiðar að gera nýjan samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks. Ég hef áður gagnrýnt þessi áform meirihlutans.“

Rétt er að rifja upp reynsluna af fyrri þjónustusamningi og allt samráðsleysið við Reykjaneshafnar, ef meirihlutinn er búinn að gleyma því. Framsóknarflokkur, Samfylking og Bein leið sáu sig knúin til að gera síðasta samning til þess að endurheimta hluta af þeim fjármunum sem sveitarfélagið hafði



lagt til vegna mikils fjölda flóttafólks á svæðinu. Það var talið nauðsynlegt og því var haldið fram að Reykjaneshafnar myndi ekki þurfa að greiða með samningnum. Það reyndist ekki rétt. Reykjaneshafnar þurfti að greiða með síðasta samningi, sem rann út um áramótin.

Það er greinilegt að meirihlutinn ætlar að halda þessari vegferð áfram í andstöðu við mikinn meirihluta íbúa. Þessi samningur gildir í sex mánuði og mun Reykjaneshafnar skuldbinda sig til að taka á mót allt að 250 einstaklingum, fjölskyldum og börum. Þegar síðasti samningur var samþykktur var hann samþykktur með þeim fyrirvara að gerð yrði viljayfirlýsing um fækkun flóttafólks í bænum. Fækka átti í samræmdri móttöku flóttafólks úr 350 einstaklingum niður í 150 fyrir árslok árið 2023 þegar samningnum lyki. Við þann samning var ekki staðið af hálfu ríkisins og í árslok 2023 voru 264 einstaklingar í samræmdri móttöku flóttafólks. Fækkunin var því einungis 86 einstaklingar í stað 150.

Það er greinilegt að meirihlutinn ætlar að láta eins og ekkert hafi í skorist og samþykkja þennan nýja samning þrátt fyrir að loforð ríkisins, sem voru skrifuð í samninginn gengu ekki eftir. Það verður áhugavert að sjá þegar þessum nýja samningi lýkur, hve mikið fé Reykjaneshafnar hefur þurft að greiða með samningnum.

Það er miður hvað meirihlutinn er í litlu sambandi við íbúa bæjarfélagsins og vilja þeirra í þessu máli. Meirihlutinn virðist heldur ekki skilja að nú þurfa önnur sveitarfélög að taka þennan bolta.

Við erum löngu komin langt yfir þolmörk. Enn og aftur vil ég minna meirihlutann á að kannanir hafa sýnt að allt að 85% íbúa á Suðurnesjum telja að fækki beri hælisleitendum á svæðinu.

Á það ber okkur að hlusta.

Á það hlusta ég og segi því nei.

Ég mun samþykkja fundargerð velferðarráðs en segja nei við endurnýjun á samningnum.“

Margrét Þórarinsdóttir, Umbót“

Margrét Þórarinsdóttir (U) bar upp tillögu um að samþykkt velferðarráðs í fjórða máli fundargerðarinnar að alþjóðateymi og ráðgjafar- og virkniteymi velferðarsviðs Reykjaneshafnar verði sameinuð verði vísað til bæjarráðs til frekari umræðu.

Tillagan felld með 7 atkvæðum meirihlutans.

Margrét Þórarinsdóttir (U), Margrét A. Sanders (D), Guðbergur Reynisson (D) og Helga Jóhanna Oddsdóttir (D) greiða atkvæði á móti endurnýjun þjónustusamnings um samræmda móttöku flóttafólks frá fjórða máli fundargerðarinnar. Fundargerðin samþykkt að öðru leyti 11-0.

Bæjaryfirvöld vísa í kaupsamning og hafna erindi fjáreigenda í Sandgerði

Framkvæmda- og skipulagsráð Suðurnesjabæjar hafnaði erindi frá fjáreigendum í syðra beitarhólfi, sem sendu erindi til bæjaryfirvalda 4. mars sl. varðandi skerðingu á beitarlandi vegna íbúðabygðar í Skerjahverfi í Sandgerði. Erindið fjáreigenda var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar, sem vísaði því til umsagnar í framkvæmda- og skipulagsráði.

Í kaupsamningum Sandgerðisbæjar á jörðum í Bæjarskerhverfi frá 1994, sem Skerjahverfi byggist á, er skýrt kveðið á um það í 2. gr. samningana að „í kaupunum fylgi öll eignarráð, gögn og gæði yfir hinu selda landi hverju nafni sem nefnast í heild eða að hluta, s.s. vatnsréttindi námu- réttindi, hitaréttindi, girðingar, ræktun, veiðiréttur, malarnám og önnur réttindi, þannig að eignarréttur kaupanda er án nokkurra takmarkana.“ Með tilvísan í framangreint hafnar ráðið erindi fjáreigenda.



Forsetakosningar
1. júní 2024

Sigríður Hrund
Veljum
fjölbreyttar
raddir



Mæltu með mér
Veittu mér brautargengi



www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



Þórkatla sér Grindavík aftur sem blómlegan bæ

„Það er í mörg horn að líta. Gæta þarf hagsmuna beggja aðila og vanda þarf vel til verka. Upplýsingaflæði um gang mála hefði mátt vera betra. Fasteignafélagið ætlar að koma sterkari þar inn,“ segir Ásrún Helga Kristinsdóttir, forseti bæjarstjórnar Grindavíkur á vef Grindavíkurbæjar, eftir fund bæjarstjórnar Grindavíkur með forsvarsfólki Fasteignafélagsins Þórkötlulá síðasta föstudag.

Farið var yfir verkferla og hvernig unnið væri með málefni þeirra sem óskað hafa eftir uppkauptum. Ásrún agði ljóst að málið væri risavaxið.

Bæjarstjórn reifaði á fundinum þær vangaveltur sem hafa verið íbúum mjög hugleiknar. Þar má nefna leiguverð, umgengnisrétt húsa og á hvaða verði húsin verði seld til baka á.

Uppkaupin hafa verið í forgangi hjá Fasteignafélaginu Þórkötlulá og því hefur hvorki verið ákveðið um leiguverð né umgengnisrétt.

Algengar spurningar frá Grindvíkingum voru bornar upp á fundinum. Hvert verður leiguverð fasteignanna?

Hvernig verður umgengnisrétti háttáð? Á hvaða verði kaupum við húsin aftur?

Svör Þórkötlulá við þessum spurningum að ákvörðun hafi ekki verið tekin. Í forgangi er að klára frá kaup á húseignum. Svára við þessum spurningum sé að vænta síðar.

Við spruningunni „Verða þær eignir sem ekki hefur verið óskað eftir forkaupsrétt á seldar öðrum?“ er svarið að forsvarsmenn Þórkötlulá sjá fyrir sér Grindavík aftur sem blómlegan bæ og þegar búið er að ganga frá kaupsamningum við þá aðila sem hyggjast ekki nýta forkaupsrétt á sínum húsnæðum sjá þeir ekkert því til fyrirstöðu að aðrir kaupi eignirnar.

Þá spurði bæjarstjórnin „Er möguleiki á að lengja í frest en til áramóta til þess að ákveða hvort maður ákveði að selja?“ Þórkatla vinnur út frá 31. desember, ef það verður tilefni til endurskoðunar þá verður það í haust en hefur ekki verið rétt.



Meirihlutinn klofnaði í afgreiðslu skólahalds í Grindavík

Meirihluti bæjarstjórnar Grindavíkur var ekki samhljóma þegar málefni skólastarfs í Grindavík var tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar 17. apríl. Tillögur starfshóps um að safnskólar verði ekki reknir og að hefðbundið skólastarf grunn- og leikskóla verði ekki heldur í Grindavík næsta skólaár, voru samþykktar með fimm atkvæðum gegn tveimur.

Karlpénigurinn í bæjarstjórn, Hjálmar Hallgrímsson (D) og Gunnar Már Gunnarsson (M) lögðu fram breytingartillögu þar sem þeir lögðu til að skólahald, grunn- og leikskóli fari af stað hið fyrsta í Grindavík, svo lengi sem hægt verði að uppfylla aðalnámsskrá, tryggja öryggi fólks ásamt því að húsnæði og lóðir verði öruggar og nothæfar til kennslu. Tillagan var felld með fimm atkvæðum allra kven bæjarfulltrúa í bæjarstjórn, þvert á pólitík. Meirihlutinn klofnaði því í þessu máli. Þær Ásrún Helga Kristinsdóttir, forseti bæjarstjórnar (B), Birgitta H. Ramsay Káradóttir (D), Helga Dís Jakobsdóttir (U), Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir (M) og Birgitta Rán Friðfinnsdóttir (M) greiddu atkvæði með tillögu starfshópsins.

Þeir Hjálmar og Gunnar bókuðu og sömuleiðis konurnar í bæjarstjórn. Hér er gripið í bókun Gunnars og Hjálmars:

„Það er á ábyrgð foreldra og sveitarfélagsins að kynna vel fyrir börnum okkar hvar hættur eru í Grindavík og hvar ekki eins og foreldrar barna gera almennt á Íslandi sama hvar þau búa. Það er á ábyrgð sveitarfélagsins að loka þeim svæðum sem teljast vera óörygg og merkja þau svæði vel. Það er einnig á ábyrgð sveitarfélagsins að sinna skylduþjónustu fyrir íbúa okkar sem velja að hafa Grindavík

áfram sem lögheimili sitt og óska eftir að hafa börnin sín í skóla eða leiksskóla í Grindavík. Sá valkostur að gera samning við annað sveitarfélag um þessa þjónustu hugnast ekki endilega þessum íbúum en það er mögulega hægt að gera samning um einhvern hluta aðalnámsskrár s.s. með sund og íþróttir til eins árs eða þar til okkar húsnæði til að sinna þeirri þjónustu verður öruggt.“

Þær Ásrún, Birgitta Hrud, Birgitta Rán, Hallfríður og Helga Dís bókuðu:

„Nú ríkir óvissuástand sem sér ekki fyrir endann á, við erum enn í miðjum atburði, og því ekki forsvaranlegt að draga málið lengur. Við teljum að með því samþykka tillögurnar sem hér liggja fyrir séum við að eyða óvissu, stuðla að árangursríkri uppbyggingu og festu í lífi grindvískra fjölskyldna.“

Tillögurnar fela í sér faglegar og góðar lausnir í málefnum barna, starfsfólks og síðast en ekki síst reksturs sveitarfélagsins. Við áréttum að Grindavíkurbær mun áfram sinna lögbundnum verkefnum, þar á meðal skólaskyldu þó ekki verði skólastarf í leik- og grunnskólanum í Grindavík næstkomandi skólaár, né starfræktir safnskólar sem voru eingöngu ásætlanlegir sem tímabundin lausn.“

Greiða umfram orkunotkun vegna aðgerða í Grindavík

Almannavarnir hafa ákveðið að koma til móts við fasteignaeigendur í Grindavík sem hafa fengið hærri rafmagns- og hitaveitu reikninga á meðan aðgerðir til að verja hús fyrir frostskeiddum í kjölfar náttúruhamfaranna við Grindavík stóðu yfir. Um er að ræða umfram kostnað heimila og fyrirtækja á tímabilinu 19. janúar til 31. mars 2024. Heildarkostnaður vegna þessa nemur rúmlega tuttugu milljónum króna. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Þann 14. janúar hófst eldgos við Grindavík sem skemmdi stofnæð hitaveitu, Grindavíkurað, sem liggur frá Svartsengi til Grindavíkur með þeim afleiðingum að lítill þrýstingur var á dreifikerfi hitaveitunnar í bænum og að hluta til alveg heitavatnslaut. Á sama tíma stóðu yfir tímabil rýminga og brottflutninga sem skerti möguleika húseigenda til að sinna fasteignum sínum sem skyldi. Þar sem langur frostakafli var á þessum tíma ákváðu Almannavarnir þann

19. janúar að ráðast í aðgerðir til að koma hita á fasteignir til að verja þær frostskeiddum. Við það jókst heitavatns- og rafmagnsnotkun í hluta bæjarins með tilheyrandi auka kostnaði fyrir húseigendur.

Almannavarnir munu greiða HS Veitum þá upphæð sem um ræðir, og hafa HS Veitur tekið að sér að endurgreiða þeim notendum sem urðu fyrir þessum auka kostnaði. Það var gert við útsendingu orku- reikninga vegna mars. Við útreikningana var horft til rafmagns- og heitavatnsnotkunar eins og hún var 1. til 14. janúar, þ.e. fyrir náttúruhamfarirnar í janúar og notkun umfram það á tímabilinu 19. janúar til 31. mars reiknuð sem umframnotkun og kemur til lækkunar orkureikninga vegna mars.

Hitaveitan í bænum er komin í góða virkni, með einhverjum undantekningum. Á næstunni munu Almannavarnir skila ábyrgð og umsjón á húshitun til eigenda fasteigna í Grindavík. Það verður vel kynnt íbúum Grindavíkur.

Ekkert skólastarf í Grindavík

Unnið er að því að tryggja leikskólavist barna frá Grindavík með samkomulagi við sveitarfélög. Þetta var niðurstaða bæjarstjórnar Grindavíkur í síðustu viku. Niðurstaðan var kynnt starfsfólki skólanna. Hún felur augljóslega í sér breytingar hjá þeim sem hafa starfað í safnskólum Grindavíkurbæjar en rík áhersla verður lögð á að tryggja réttindi starfsfólks í þeirri vinnu sem er framundan.



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA KENNARAR

Fjölbrautaskóli Suðurnesja óskar eftir að ráða kennara í eftirfarandi greinar:

- Málm- og vélstjórnargreinar
- Pípulagnir
- Rafiðngreinar
- Sálfræði
- Sérkennsla á starfsbraut
- Tréiðngreinar

- ✓ Nánari upplýsingar má fá á starfatorgi (<https://island.is/starfatorgi>) og þar er jafnframt sótt um.
- ✓ Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðunni www.fss.is

Skólameistari

Nýjung í innheimtu árgjalds FEBS

Innheimta félagsgjalda og útgáfa félagsskírteinis FEBS 2024

Innheimta félagsgjalda fyrir starfsárið 2024 er hafin. Send hefur verin krafa í heimbanka kr. 3000.

Gjalddagi er 1. maí, eindagi 15. maí. Þegar félagsgjald hefur verið greitt birtist FEBS skírteinið með nafni og kennitölu undir „Þínir hópar“ í Spara appinu.

Útgáfa á félagsskírteini FEBS verður rafræn. Félagsmenn geta sótt „Spara app“ í símann. Hægt er að ná í appið af „App store“ eða „Apple play“.

Þegar appið hefur verið hlaðið í símann birtist síða með rauðu skírteini með yfirskriftinni „Þínir hópar“. Þegar smellt er á „Þínir hópar“ birtist félagsskírteini FEBS með nafni og kennitölu viðkomandi, enda hefur félagsgjaldur þá greitt félagsgjaldið rafrænt í heimabanka. Ekki verða sendir gíróseðlar til félagsmanna.





Vilhjálmur varð ekki aftur annar

Vilhjálmur Arngrímsson, Kúddi, sigraði á Víkurfréttamótinu í ballskák sem haldið var í húsakynnum Virkjunar á Ásbrú í síðustu viku. Vilhjálmur lagði Jón Ólaf Jónsson í spennandi úrslitaleik 2-1.

„Ég er hræddur um að ég fái viðurnefnið Vilhjálmur annar ef ég tæpa,“ sagði sigurvegarinn við blaðamann áður en úrslitin hófust en Kúddi tæpaði fyrir Jóni Ólafi í úrslitum mótsins í fyrri. Þeir mættust aftur í úrslitum í ár og Jón Óli vann fyrsta leikinn nokkuð

örugglega en Kúddi gafst ekki upp og sýndi hvað í honum býr með því að vinna næstu tvo leiki en það þurfti hann að gera til að sigra á mótinu.

„Þetta er gaman hjá okkur körlunum. Við mætum hér reglulega og spilum billiard í þessari skemmtilegu aðstöðu, rosknir karlar frá sextugu og yfir. Keppum og spjöllum. Svo er einn okkar duglegur að baka vöflur sem við borðum hér með rjóma og sultu,“ sagði Kúddi.

Veitt voru verðlaun fyrir sex efstu sætin. Jón Norðfjörð, formaður Ballskákfélags eldri borgara á Suðurnesjum en það er nafn félags þeirra karla, vann Georg úrsmíð Hannah um 5. sætið. Vilhjálmur Ragnarsson lagði svo Helga Hólm í leik um 3. sætið.

Karlarnir mæta flestir tvisvar í viku, sumir oftast en að jafnaði eru þeir um tuttugu. Tæplega fjörutíu eru í félaginu. Aðstaðan er mjög góð, átta fín billiardborð og svo er hægt að

setjast niður á kaffistofunni og fá sér bolla og spjalla.

Víkurfréttabikarinn í ballskák er bara eitt af mörgum mótum sem haldin eru yfir árið. Jón Norðfjörð segir að menn hafi gaman af því að spila og hittast. Hann var nýlega endurkjörinn formaður Ballskákfélagsins.

„Það er virkilega gaman að koma hérna og hitta félagana. Þetta er góður félagsskapur. Hér eru menn sem eru komnir hátt á níræðisaldur en bera sig vel og gefa ekkert eftir.“

Bjartsýni ríkir hjá grindvískum golfurum

„Þó svo að aðstæður væru eðlilegar værum við ekki að opna Húsatóftavöll á sumardaginn fyrsta, tíðarfarið býður ekki upp á það. Vonandi getum við opnað 1. maí,“ segir Helgi Dan Steinsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Grindavíkur.

Við höldum aðalfund okkar nýlega og kom aldrei neitt annað til greina en halda það í golfskálanum okkar á Húsatóftavelli. Mætingin var góð og var gott hljóð í grindvískum golfurum, það eru allir sammála um að þetta verði frábært golfsumar hjá okkur.“

Í lok síðustu viku hóf verkfræðistofan EFLA jarðvegsskönnun á Húsatóftavelli og fór verkið vel af stað.

Jarðvegsskönnun á vellinum

„Það eru allir sammála um að það þurfi að framkvæma þessa

jarðvegsskönnun á Húsatóftavelli, við myndum aldrei hleypa öðruvísi inn á hann. Ég persónulega er sannfærður um að það er í lagi með völlinn en mér myndi ekki líða vel með að hleypa inn á hann fyrr en fagaðilar eru búnir að ganga úr skugga um að allt sé í lagi. Það er búið að fljúga með dróna yfir völlinn og á bara eftir að vinna úr þeim gögnum. Ég er búinn að labba völlinn allan þvert og endalengt og hef séð neitt at-hugavert. Einu skemmdirnar eru þær sem urðu 10. nóvember við fremri teiginn á þrettánda holi, á nýja æfingasvæðinu og svo eru

smá sprungur í bílastæðinu. Þetta eru minniháttar skemmdir en þó munum við þurfa að gera nýjan fremri teig á þrettánda holi. Vonandi verður það svæði ekki lagað, heldur girt af svo gestir okkar geti skoðað hvað gekk á. Skemmdirnar á æfingasvæðinu skipta ekki svo miklu máli því það var ekki tilbúið og ég myndi treysta mér til að leggja bílnum þar sem skemmdin er á bílastæðinu. Þetta verður samt auðvitað lagað, ég er bara að benda á að ástandið hjá okkur er miklu betra en margir halda. Ég hef margoft verið spurður að því hvort Húsatóftavöllur sé ónýtur, því fer víðsfjarri. Síðan völlurinn opnaði árið 1981 höfum við leikið golf á milli tveggja sprunga og þær hafa ekkert stækkað síðan 10. nóvember. Sem dæmi hefur brúin



á milli Ameríku- og Evrasíuflekans ekkert aflagast. Ástandið á vellinum okkar er bara mjög gott fyrir utan að veðurguðirnir hafa ekki verið okkur hliðhollir frekar en öðrum golfvöllum. Ef allt gengur að óskum og veðurguðirnir verði þokkalega hagstæðir munum við opna völlinn með pompi og prakt 1. maí í síðasta lagi,“ segir Helgi. „Nokkrir golfklúbbar hafa boðið Grindvíkinga velkomna. „Golfklúbbar Suðurnesja, Golfklúbbar Sandgerðis og Eyjamenna bjóða

meðlimum GG að spila frítt í sumar og aðrir klúbbar bjóða góð kjör og fyrir það munum við alltaf verða þakklát fyrir. Vonandi mun samt ekki koma til þess, heldur að meðlimir GG geti spilað sinn Húsatóftavöll en það er gott að vita af hinum valkostunum. Við Grindvíkingar þökkjum ekkert annað en horfa björtum augum til framtíðarinnar, við getum ekki beðið eftir að golfsumarið hefjist,“ sagði Helgi Dan að lokum.



Framkvæmdir í Leiru

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í Leiru í vetur en stærsta mót ársins, Íslandsmót í golfi, verður á Hólmsvelli í júlí.

Að sögn vallarstjóra GS kemur völlurinn vel undan vetri og verður hann opnaður á sumarflötum 30. apríl fyrir félagsfólk GS en daginn eftir fyrir aðra. Nýlega var borinn áburður á flatirnar sem grænka nú á hverjum degi í vorblíðunni.

Meðfylgjandi mynd tók Hilmar Bragi 18. apríl og sýnir framkvæmdir við 4. braut Hólmsvallar. Þar hefur verið unnið við varnargarðinn ásamt jarðvegsflutningum en brautin mun liggja alveg að garðinum.



„Við erum á vegferð sem við trúum á“

Mikil tilhlökkun hjá Njarðvíkingum að byrja mótið í Lengjudeildinni í knattspyrnu.

„Loksins getur maður hætt þessum endalausum æfingum og æfingaleikjum og hellt sér út í alvöruna – sem er ástæðan fyrir því að maður er að djöflast í þessu,“ sagði Gunnar Heiðar Þorvaldsson en hann þjálfar knattspyrnulið Njarðvíkur sem hefur leik í Lengjudeild karla um næstu mánaðarmót. Gunnar tók við liðinu um mitt síðasta tímabil þegar fall blasti við Njarðvíkingum en undir hans stjórn bjargaði liðið sér frá falli á ótrúlegan hátt – ekki mátti þó miklu muna því einungis eitt mark skildi að Njarðvík og Selfoss sem féll.

Njarðvík byggir til framtíðar

Hvernig leggst tímabilið í ykkur?

„Mjög vel. Mér finnst þetta búið að vera gríðarlega gott, stórt og erfitt undirbúnings-tímabil. Við ákváðum að taka allt saman; klúbbinn, leikmennina og staffið, á næsta stig. Auðvitað kostar það blóð, svita og tár og það hafa verið að vera ansi margir langir dagar unnir hjá leikmönnum, starfsfólki og stjórnarmönnum í vetur. Mér finnst við vera á réttu leið og maður finnur að það er mikil tilhlökkun hjá Njarðvíkingum að byrja mótið.“

Það eru búnar að vera miklar breytingar leikmönnum hjá Njarðvík.

„Já, það er búið að vera svolítið mikið um breytingar. Það er alveg rétt. Við ákváðum að slíta samstarfinu við Marc McAusland en hann verður alltaf partur af sögunni hjá Njarðvík. Við ákváðum hins vegar að yngja liðið upp og við erum á vegferð sem við trúum á. Njarðvík mun bara stækka með hverju árinu núna.“

Hverjir hafa best í hópinn hjá ykkur?

„Við erum búnir að fá nokkra nýja leikmenn. Við ákváðum að skipta um markmann og fengum Ara Snæ [Friðriksson] frá KR, hann hefur verið með Grindavík, Fylki og fleiri liðum og kemur með reynslu úr efstu deild. Ég tel það mikilvægt í þessari vegferð sem við erum í. Svo erum við búnir að fá búlgarskan hafsant, Slavi Miroslavov Kosov, og þar sem Rafa [Rafael Alexandre Romao Victor] ákvað að fara til Akureyrar vantaði okkur nýjan sóknarmann og fengum króa-

„**Við ákváðum hins vegar að yngja liðið upp og við erum á vegferð sem við trúum á. Njarðvík mun bara stækka með hverju árinu núna ...**“

tískan leikmann sem heitir Dominik Radic. Hann lítur virkilega vel út.

Við viljum líka byggja til framtíðar og höfum fengið unga leikmenn. Við viljum leyfa ungum leikmönnum úr Njarðvík að fá að kynna þessu umhverfi og hjálpa þeim til að verða betri. Þeir eru nokkrir í klúbbnum sem vilja það og þeir eru búnir að standa sig gríðarlega vel. Svo fengum við Amin Cosic, átján ára peyja, frá HK. Eins og ég segi þá erum við að yngja hópinn upp og búa til flotta leikmenn til framtíðar.“

Allir skilja sín hlutverk

Þið viljið væntanlega ekki vera í sama ströggli og í fyrra. Hverjar eru væntingarnar í ár?

„Nei, það er allavega ekki planið. Væntingarnar eru að halda áfram þessu starfi sem við byrjuðum á eftir að ég kom til Njarðvíkur í fyrra. Núna fæ ég náttúrulega heilt tímabil með leikmönnum mínum og persónulega er ég búinn að vera mjög ánægður með allt saman; leikmennina, staffið og klúbbinn. Við erum búnir að lenda á hindrunum en það er fylgir oftast þegar verið er að gera einhverjar breytingar, það gengur ekki allt upp í fyrstu tilraun en ef maður vinnur markvisst að breytingum er alltaf möguleiki á að gera hlutina betur. Við erum allavega mjög ánægðir með vinnuna í vetur og getum ekki beðið eftir að tímabilið byrji.“

Mér finnst við spila flottan fótbolta, nútímafótbolta og allir leikmenn hafa hlutverki að gegna og skilja sín hlutverk. Við sem erum eldri en tvævetur í þessum bransa vitum vel að það skiptir máli að byrja mótið vel til að skapa stemningu og efla sjálfstraust í liðinu – og það er eitthvað sem við stefnum á að gera.“

Mæðgur samherjar í byrjunarliði

Mæðgurnar Elísabet María Þórisdóttir og Dagmar Þráinsdóttir, spilandi þjálfari Njarðvíkur, voru í byrjunarliði Njarðvíkur sem lék í Mjólkurbikar kvenna í knattspyrnu um helgina. Elísabet var að leika sinn fyrsta meistaraflakksleik en Dagmar hugsanlega þann síðasta.

Njarðvík var að tefta fram liði í meistaraflakki kvenna í annað sinn en Njarðvíkingar eru að móta kvinnalið og væntingar standa til þess að það taki þátt í deildarkeppni KSÍ á næsta tímabili.



Gera Safamýri að sínu vígi í sumar

„Það gera sér allir grein fyrir því í hvaða stöðu við erum svo væntingarnar eru máttulegar,“ segir Brynjar Björn Gunnarsson, þjálfari Grindvíkinga.

„Við erum að verða komnir með ágætis leikmannahóp svo þetta leggst bara vel í okkur,“ segir Brynjar Björn Gunnarsson, þjálfari karlaliðs Grindavíkur. „Við höfum fengið nýja leikmenn á síðustu tveimur, þremur vikur og nú er bara að sjá hvernig þetta spilast saman sem lið.“

Hefur snúist um að halda mönnum gangandi

Hefur þú náð að byggja liðið upp eftir þínu höfði, hefurðu breytt miklu?

„Ég hef nú ekkert breytt gríðarlega miklu. Við erum búnir að æfa mjög vel í vetur, þeir sem hafa verið á staðnum, og fórum í góða æfingaferð. Þetta er búið að snúast svolítið um að halda mönnum gangandi, halda hópnum saman þar sem við höfum verið að æfa hverju sinni. Eins og fólk veit erum við ekki búnir að vera með fasta æfingaaðstöðu neins staðar.“

Margir af ungu strákunum hafa fengið að spila töluvert með okkur í vetur, þetta eru strákar fæddir '07 og '08. Við áttum ágætis leiki í Lengjubikarnum sem lofaði góðu en menn voru svolítið þreyttir eftir æfingaferðina og við áttum erfiða leiki gegn Stjórnunni og Val – því fóru þeir leikir eins og þeir fóru. Annars er undirbúnings-tímabilið búið að ganga nokkuð vel.“

Áttu eftir að keyra á ungum strákum í sumar, gefa þeim séns?

„Það á bara eftir að koma í ljós. Þeir eru náttúrulega mjög ungir, sextán og sautján ára. Það er svolítið ungt og ekki að treysta á það en ég held að einhverjir eigi eftir að fá tækifæri, algjörlega.“

Það hefur væntanlega verið áskorun fyrir liðið, félagið og deildina, að hreinlega halda haus.

„Já, bara fyrir allt félagið, leikmennina, þjálfarana og alla í kringum þetta, þá hefur þetta verið töluvert vinna. Æfingalega hefur þetta gengið nokkuð vel, við náðum að halda rútinu alveg út mars í æfingatímum og -stöðum. Við vissum allavega í byrjun vikunnar hvar við yrðum. Síðustu vikur hefur þetta verið svolítið dag frá degi, eða frá því að keppni hófst í efstu deild og æfingatímar hjá Stjórnunni fóru að riðlast. Þá var svolítið erfitt að halda í rútinuna en heilt yfir hefur þetta gengið mjög vel.“

Svo er það alltaf þannig þegar nýir menn koma inn að maður þarf að taka eitt, tvö skref til baka og skipuleggja upp á nýtt.“

Miklar breytingar á leikmannahópi Grindavíkur

Grindvíkingar hafa ekki setið auðum höndum á leikmannamarkaðinum í vetur en frá áramótum hafa nú erlendir leikmenn gengið til liðs við Grindavík.

„Þrír þeirra eru nýkomnir; miðjumaðurinn Ion Perelló Machi frá Spáni, Dennis Dennis Nieblas Moreno er hafsant og kom frá Kypur, svo kom Kwame Quee bara í síðustu viku en hann er sóknarmaður frá Sierra Leone.“

Auðvitað jafnast ekkert á við að spila á sínum heimavelli en vonandi náum við að gera þetta svolítið að okkar heimavelli og okkar heimili í sumar. Vonandi fáum við sem flesta á leikina og náum að gera þetta að okkar vígi í sumar ...

Sigurjón Rúnarsson ákvað að vera áfram með okkur, það var kærkomið. Öflugur leikmaður og Grindvíkingur, við viljum halda þeim, allavega ekki missa þá í liðin í kringum okkur. Svo hefur Adam Árni [Róbertsson] æft með okkur í allan vetur en hann kom frá Þrótti Vogum. Skömmu eftir að viðtalið var tekið bættist portúgalskur bakvörður að nafni Nuno Jorge Nobre Barbosa Malheiro í leikmannahóp Grindvíkinga og hann er þá níundi erlendi leikmaðurinn sem gengur til liðs við Grindavík fyrir þetta tímabil.

Svo er komin samkeppni um markmannstöðuna.

Já, Kristófer Leví [Sigtryggsson] kemur aðeins inn í þetta. Hann er búinn að vera meiddur þannig að hann fær tíma til að æfa með okkur og styrkir þá stöðu hjá okkur. Á sama tíma er Ingólfur [Hávarðarson] búinn að spila með okkur í Lengjubikarnum og staðið sig mjög vel en hann er náttúrulega að spila fyrir annan flokkinn. Þannig að við erum ágætlega settir með markmenn, svona ef eitthvað kemur upp á.

Hvernig list þér á að spila í Safamýrinni?

„Mér list ágætlega á það, við höfðum svo sem ekki úr miklu að velja en okkur bauðst Safamýrin. Víkingar voru tilbúnir til samstarfs þegar við leituðum eftir því. Auðvitað jafnast ekkert á við að spila á sínum heimavelli en vonandi náum við að gera þetta svolítið að okkar heimavelli og okkar heimili í sumar. Vonandi fáum við sem flesta á leikina og náum að gera þetta að okkar vígi í sumar.“

Hverjar eru væntingar um árangur í sumar?

„Þær eru hóflegar. Eins og ég segi er búið að vera óvissuástand í kringum félagið og liðið í vetur. Ég held hins vegar að við séum búnir að ná saman ágætis leikmönnum í liðið en svo fer það bara eftir því hvernig það slípast saman.“

Annars held ég að deildin verði jöfn í sumar. Það er alltaf þannig að mörg lið telja sig eiga tilkall til að vera í toppbaráttunni og ég myndi segja að við séum með samkeppnishæft lið í deildina. Það gera sér allir grein fyrir því í hvaða stöðu við erum svo væntingarnar eru máttulegar og síðan verðum við bara sjá hvernig boltinn dettur fyrir okkur,“ sagði Brynjar að lokum.

Tíminn við æfingar hefur tvöfaldast

„Við vorum í öðru sæti langt inn í mótið í fyrra og stefnum á að halda því út mótið í ár,“ segir Anton Ingi Rúnarsson, þjálfari Grindavíkur.

Tímabilið leggst mjög vel í okkur. Við erum búin að æfa eins vel og hægt er, ég held að við séum búin að æfa á átta mismunandi fót-boltasvæðum síðustu sex vikur þannig að það er fjölbreytt, en við erum full hjartsýni,“ segir Anton Ingi Rúnarsson, þjálfari kvennaliðs Grindavíkur, í aðdraganda Lengjudeildarinnar.

Liðið á finu róli

Grindvíkingar léku í fyrstu umferð Mjólkrubikars kvenna um síðustu helgi og þurftu ekki að hafa mikið fyrir sigri á Smára en leikurinn endaði 9:0 þar sem Dröfn Einarsdóttir skoraði fimm mörk.

„Við stóðum okkur líka vel Lengjubikarnum, kláruðum það mót í öðru sæti, svo ég held að liðið sé á finu róli,“ segir Anton Ingi.

Það eru komnir nýir leikmenn og Dröfn komin aftur heim.

„Já, Dröfn er komin til baka og þær Bella [Ísabel Jasmín Almarsdóttir] og Unnur [Stefánsdóttir] taka skóna af hillunni og dusta rykið af þeim. Það er mikill styrkur í því að fá þær til baka.

Við höfum fengið þrjá erlenda leikmenn til okkar en frá nóvember var þetta svölitið haltu mér slepptu mér, átti að taka útlendinga eða átti ekki að taka útlendinga. Svo duttum við niður á íbúð í bænum og þá var hægt að fara í þau mál. Við vorum í vesni í markinu, okkur vantaði markmann og erfitt að fá íslenskan markmann. Við fengum svo Katelyn Kellogg, bandarískan markvörð sem lék í fyrra með Fjölni í annarri deild, hún hefur verið að koma mjög fint inn í þetta hjá okkur.“

Eru útlensku stelpurnar sem voru með ykkur í fyrra þá ekki áfram?

„Nei, engin af þeim er með okkur. Tvíburarnir fóru til Kýpur og við athugum stöðuna á þeim í vetur en það var bara þakkaðill í boði, annað hvort þær báðar eða hvorug. Það passaði ekki alveg inn í myndina hjá okkur þegar við megum bara vera með þrjá leikmenn utan Evrópu.“

Hverjar eru væntingarnar hjá ykkur í sumar?

„Þær eru alveg ágæt, við stefnum eins hátt og mögulegt er og ég tel okkur alveg vera með lið til að vera í þeim pakka sem mun berjast um að fara upp. Ég held bara að deildin í ár verði meira að segja jafnari en hún var á síðasta tímabili. Við vorum í öðru sæti langt inn í mótið í fyrra og stefnum á að halda því út mótið í ár.“

Flakk á milli valla að valda meiðslum

Þetta er auðvitað búið að vera gríðarlega erfitt hjá ykkur í vetur en þið bara tvíeflist við það, eða hvað?

„Já, eins og maður segir þá er þetta búið að vera eins og helvíti með maður talar íslensku. Allt liðið hefur staðið í þessu, allar íslensku stelpurnar eru heimastelpur fyrir utan Mist [Smáradóttir] sem spilaði með okkur í fyrra og kemur á láni frá Stjórnum. Þær hafa allar verið í sama pakka, að flytja og græja og pakka. Einhverjar eru í Keflavík og ein á Selfossi svo það tekur tíma að komast á æfingar í staðinn fyrir að hafa áður búið í Grindavík og getað æft í Hópinu. Núna þarftu að gefa

þér töluvert lengri tíma fyrir og eftir æfingar til að koma þér á milli staða. Það er það sem hefur verið erfðast í þessu, að tíminn tvöfaldast og auðvitað að vita ekkert hvar maður æfir frá degi til dag. Við erum með tvo fasta tíma á Álftanesi, á miðvikudögum og fimmtudögum, og við höfum oftast verið að spila á þeim tímum.“

Hvernig leggst í ykkur að spila í Safamýri?

„Það er bara flott. Það eru finar aðstæður þar og völluminn mjög skjólsæll, það er eitthvað sem við erum kannski ekkert svakalega vön hérna á Suðurnesjum. Það er mesta breytingin í þessu en aðstaðan í húsinu er fin og völluminn er fin. Vonandi náum við eitthvað að æfa á gervigrassinu í stað þess að flakka á milli grass og gervigrass, það er það sem er að há okkur þessa dagana. Við erum búin að spila á einhverjum sjö, átta mismunandi völlum síðustu sex vikur. Það er kannski að orsaka meiri meiðslu en við höfum verið vön að eiga við á þessum árstíma. Það er bara vegna þess að gervigrassvöllirnir eru með mismunandi undirlag. Það sama á við í sumar, ef við verðum að flakka á milli grass og gervigrass þá mun það bara auka líkur á meiðslum sem eru óþarfi.“

Annars er Safamýrin mjög góð. Það hreyfir ekki vind þarna og völluminn er fin gervigrassvöllur. Heima erum við vön að spila með þessa gríðarlega stóru stúku og þá dreifist fólk um hana en stúkan í Safamýri er hæfilega lítil sem ég held að muni skapa betri stemningu á leikjum í sumar,“ segir Anton Ingi sem fer vongóður inn í deildarkeppnina.

Við erum búin að spila á einhverjum sjö, átta mismunandi völlum síðustu sex vikur. Það er kannski að orsaka meiri meiðslu en við höfum verið vön að eiga við á þessum árstíma ...

„

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

- Akurskóli** - Tómstundafulltrúi
- Akurskóli** - Starfskraftur á kaffistofu
- Akurskóli** - Taler du dansk?
- Akurskóli** - Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Drekadalur** - Aðstoðarleikskólalastjóri
- Drekadalur** - Sérkennslustjóri
- Drekadalur** - Deildarstjóri
- Holtaskóli** - Deildarstjóri námsúrræðis
- Holtaskóli** - Umsjónarmaður fasteigna
- Háaleitisskóli** - Kennari í textílmennt
- Háaleitisskóli** - Skólafélagráðgjafi
- Háaleitisskóli** - Grunnskólakennari á miðstigi
- Háaleitisskóli** - Grunnskólakennari á yngsta stig
- Leikskólinn Holt** - Deildarstjóri
- Njarðvíkurskóli** - Hönnun og smíði
- Stapaskóli** - Kennari á miðstigi
- Stapaskóli** - Kennari á yngsta stig
- Tjarnarsel** - Leikskólakennarar

Önnur störf

- Félagsmiðstöð Háaleitisskóla** - Umsjónarmaður
- Velferðarsvið** - Heima- og stuðningsþjónusta, sumarafleysingar
- Velferðarsvið** - Teymsstjóri barnaverndarþjónustu
- Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTLEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

EIGANDI VÍKURFRÉTTA MÆTIR TIL LEIKS

Það kom að því að Maggi Tóka þyrfti að lúta í gras en eftir að hafa rúllað yfir þrjá kynbræður sína kom Petra Lind Einarsdóttir, sá og sigraði með níu rétta gegn átta hjá Magga sem getur þó borið höfuðið hátt. Hann stóðst pressuna og kom sér upp fyrir Jónas Karl Þórhallsson í fjórða sætið. Þar sem eingöngu tvær umferðir eru eftir þar til undanúrslitin hefjast, þarf Petra Lind að eiga stórleiki í þeim tveimur umferðum sem eru eftir til að komast upp fyrir Magga, hún þarf að fá 21 leik réttan í þessum tveimur umferðum.

Enn á ný voru Íslendingar ekki getspakir, enginn þeirra sautján sem náðu þrettán réttum keyptu seðilinn á Íslandi. Ellefu af 603 náðu tólf réttum og fæ hver rúmar 50 þúsund krónur.

Þar sem ljóst er að áskorandinn mun ekki eiga möguleika á að koma sér upp í fjórða sætið, var ákveðið að slá á léttu strengina og draga sjálfan eiganda og ritstjóra Víkurfréttar, Pál Ketilsson, að tippborðinu. Það er gaman frá því að segja að þegar tippur Víkurfréttar hófst síðasta haust tippuðu karlpeningar Víkurfréttar sín á milli og er skemmst frá því að segja að Palli galt afhroð! Það sannaðist reyndar þá að sólin skín stundum á hundsross því Hilmar Bragi, sem veit varla hvernig fótbolli lítur út, vann með ellefu leiki rétta, undirritaður og Jóhann Páll fengu tíu leiki og Palli var langneðstur með sjö rétta. Einhver hefði þar með haldið að eðlilegt væri að Hilmar Bragi fengi sprotann en Palli hélt nú aldeilis ekki!

„Ég á'etta og má'etta! Það er ekkert að marka þessa einu umferð í október, ég var með hugann við eitthvað allt annað og spáði ekkert í þeim seðli. Það að Hilmar Bragi hafi náð ellefu leikjum réttum segir sína sögu. Ég hef margoft farið í þessa tippferð Víkurfréttar og því er eðlilegt að ég mæti til leiks. Þar sem áskorandinn á ekki séns á að komast upp í fjórða sætið væri eðlilegt af mér að leggja flatur gegn Petru Lind og leyfa henni að vinna en þar sem ég er mikill keppnismaður er ekki séns að ég geri það. Ég ætla mér sigur í þessum leik, ekki síst til að sýna starfsmönnum mínum að þetta hafi bara verið slys í október. Ég mun ekki sýna Petru Lind neina miskunn,“ sagði Palli.

Petru Lind líst vel á að mæta eiganda Víkurfréttar.

„Það er bara heiður að fá að mæta Palla sem ég þekki vel. Þó svo



Petra	Seðill helgarinnar	Páll
☒ ☒ ☐	Aston Villa - Chelsea	☒ ☒ ☐
☒ ☐ ☐	Man.Utd. - Burnley	☒ ☐ ☐
☒ ☒ ☒	Fulham - Crystal Palace	☒ ☐ ☐
☐ ☐ ☒	Everton - Brentford	☒ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Newcastle - Sheff.Utd.	☒ ☐ ☐
☒ ☒ ☐	Wolves - Luton	☒ ☐ ☐
☐ ☒ ☐	Hull - Ipswich	☒ ☒ ☐
☒ ☒ ☒	Blackburn - Coventry	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☒	Cardiff - Middlesbro	☒ ☒ ☒
☒ ☐ ☐	Huddersfield - Birmingham	☒ ☒ ☒
☐ ☒ ☐	Millwall - Plymouth	☒ ☐ ☐
☒ ☐ ☐	Sheff.Wed. - W.B.A.	☐ ☐ ☒
☒ ☐ ☐	Watford - Sunderland	☒ ☐ ☐

1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

að hann eigi engan möguleika á að komast upp í fjórða sætið og er bara að spila upp á heiðurinn veit ég að hann mun gefa allt sem hann á til að vinna mig. Ég var auðvitað hæstánægð með að vinna Magga og sé að ég þarf að eiga stórleiki í þeim umferðum sem eru eftir til að eiga möguleika á að hreppa fjórða sætið. Ég þarf að gera enn betur en ég gerði núna og eigum við ekki að segja að ég muni sýna stöðuga framför, fæ tíu leiki rétta næst og tek svo ellefu þar á eftir, þannig fer ég upp í 30 leiki rétta og vinn Magga á betra meðaltali. Hins vegar kæmi mér ekki á óvart ef Palli náði ellefu réttum eða fleirum, þar með myndi hann sýna hvað í sér býr og ná þannig að stinga upp í þennan titt sem skrifar þessa tippistla,“ sagði Petra Lind.

SMÁUGLÝSINGAR

Húsnæði óskast

Lyfjaval Reykjanesi óskar eftir litlu húsnæði fyrir lyfjafræðing sem er að hefja störf í apótekinu.

Áhugasamir hafi samband við Tönju í apótekinu eða Svan framkvæmdastjóra, svannur@lyfjaval.is

Aðalfundur Krabbameinsfélags Suðurnesja

Fimmtudaginn 2. maí klukkan 18:30 á Park Inn hótelinu Hafnargötu 57 í Reykjanesbæ.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar lögð fram fyrir síðasta starfsár.
- Endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta starfsár lagðir fram til samþykktar.
- Kosningar (stjórn og skoðunarmenn reikninga)
- Margrét Sturlaugsdóttir framkvæmdastjóri fer yfir starfseminu hjá KS.
- Önnur mál.

Félagar og velunnarar Krabbameinsfélags Suðurnesja eru hvattir til að mæta.



Krabbameinsfélag
Suðurnesja

Gleðilegt sumar

25% afsláttur af öllum
sólgleraugum og umgjörðum
út föstudaginn 3. maí.

LOKAORD



MARGEIRS VILHJÁLMSSONAR

Vertu sæl Fésbók

Fyrir nokkrum vikum kom babb í bátinn hjá stærsta samfélagsmiðli í heimi, Facebook. Köllum það bara tölvuvesen. Varð þess valdandi að ég datt út af miðlinum og hef ekki getað skráð mig inn síðan.

Góð ráð voru dýr. Leitaði til allra minna bestu vina í samfélagsmiðla-geiranum og enginn gat fundið lausn á þessum vanda. Því er ég lifandi en samt dauður á Fésbókinni. Fékk þau ráð að sætta mig bara við þetta og stofna nýjan aðgang. Fylgdi þeim ráðum. En hvað ætti nýi Margeir að heita á bókinni? Eftir nokkrar þælingar bjó ég til nýjan aðgang, Maddi Vill. Helsta verkefni Madda Vill var að fara inn á Fésbókina, ná sambandi við einhverja gervigreindaraðstoðarmenn og ná aftur tökum á hinu eiginlega sjálfi Margeiri Vilhjálmsyni. Líf Madda Vill á miðlinum náði ekki tuttugu mínútum því á methraða náðu eftirlitsmenn Mark Zuckerberg að greina að þarna væri á ferðinni argasti tölvuþrjútur og settu Madda Vill í 180 daga bann. Hinn upprunalegi Margeir Vilhjálmsson lifir þar hinsvegar góðu lífi en þögull sem gröfin.

Líf án Fésbókarinnar er frábert. Ég ætla ekki að segja að ég snúi aldrei aftur þangað en get illa sagst vera uppfullur af söknuði. Einn helsti gallinn er að ég man til dæmis ekki eftir neinum afmælum. Þykir það leitt.

Gerir ekki ráð fyrir að neinir sakni sérlega greininga minna á gengi enskra knattspyrnuliða, þá sérstaklega Liverpool. En að öllu gríni slepptu þá ættu margir miðaldra íslenskir karlmenn að leita sér hjálpar við enskafótboltaheilkenningu. Að láta úrslit í fótbolta-leik á Englandi setja sig úr andlegu jafnvægi er útgáfa af klíkkun sem menn ættu að leita sér hjálpar við. Þá er samfélagsmessa í kirkju ekki svarið. Mæli með íslenska boltanum.

Pólitíkin fer sem betur fer aðeins framhjá manni, því þvert á flokka virðast allmargir stjórnálamenn halda að hægt sé að stýra landinu eða sveitarfélögum með samfélagsmiðlafærslum. Sú aðferðafræði hefur m.a. gefið okkur stjórnlausu höfuðborg og fjórar ríkisstjórnir á rétt rúmlega hálfu kjörtímabili.

Einn besti kostur þess að vera laus við Fésbókina er að auglýsingarnar sem elta þig breytast. Farsíminn er alltaf að hlusta. Á komandi vikum munu auglýsingarnar vegna forsetakosninganna ná hámarki. Þið megið trúna því að þessar kosningar eru fyrst og fremst einvígi fremstu auglýsinga- og samfélagsmiðlafraeðinga landsins. Áætlað er að virkustu frambjóðendurnir muni setja tugi milljóna í kosningabaráttuna sem að mestu verður háð á samfélagsmiðlum. Það eru fjármunir sem renna úr landi. Gáfulegt er það ekki.

Verkefni kjósenda er að velja hæfasta einstaklinginn í verkið. Mætið á fundina sem frambjóðendur halda í héraði, hittið þá og myndið ykkur skoðun.

Kjósið forseta án hjálpar Facebook, Íslandi til heilla.

Optical Studio

REYKJANESBÆR

Hafnargata 45 | 421 3811 | opticalstudio.is